

Ávarp Svandísar Svavarsdóttur á ársfundi Landspítala 12. júní 2020

Góðir ársfundargestir, stjórnendur og annað starfsfólk Landspítala, komið þið sæl og til hamingju með daginn.

Ársfundur Landspítala er ávallt stór viðburður í hugum allra sem láta sig heilbrigðismál varða. Spítalinn er flaggskip heilbrigðisþjónustunnar og gegnir margþættu og mikilvægu hlutverki sem leiðandi afl á landsvísu og þjónustustofnun fyrir alla landsmenn.

Verkefnin eru mörg, stór og flókin. Uppbygging og þróun sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu, innleiðing nýjunga, vísindarannsóknir og kennsla heilbrigðisstétta eru ríkir þættir í starfseminni um leið og spítalinn gegnir því meginhlutverki að hjúkra, lækna og líkna þeim sjúklingum sem veikastir eru.

Ljómandi góður ársfundur Landspítala var haldinn 17. maí í fyrra. Á þeim tíma lá fyrir Alþingi tillaga mín til þingsályktunar til heilbrigðisstefnu til ársins 2030 og ég held ég segi það satt að margir biðu í ofvæni eftir afdrifum hennar. Um hálfum mánuði síðar urðu þau gleðitíðindi að Alþingi samþykkti stefnuna mótatkvæðalaust og gerði hana þar með að heilbrigðisstefnu þings og þjóðar. Í þessari viku varð svo annar mikilvægur áfangi að veruleika, tengdur heilbrigðisstefnunni og framkvæmd hennar, þegar Alþingi samþykkti tillögu mína til þingsályktunar um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu.

„Ef heilbrigðisstefnu vantar, þá er það eins og hús byggt á sandi“ var haft eftir Páli Matthíassyni, forstjóra Landspítala, í fjölmiðlum þegar heilbrigðisstefnan var kynnt í heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins en kynningarfundir voru haldnir í öllum heilbrigðisumdæmum landsins í samvinnu við stjórnendur heilbrigðisstofnana í hverju umdæmi. Mér þótti vænt um þessi orð, fannst Páli mælast vel og tel að hann hafi hitt naglann beint á höfuðið.

Heilbrigðisstefnan hefur á þeim stutta tíma sem liðinn er frá samþykkt hennar orðið sá leiðarvísir sem henni var ætlað að vera, fyrir heilbrigðisyfirvöld og fyrir stjórnendur og annað starfsfólk í heilbrigðisþjónustu og hún er raunar mikilvæg fyrir allan almenning í landinu sem lætur sig heilbrigðismál einhverju varða.

Heilbrigðisstefnan dregur fram og skýrir samspilið milli heilbrigðisstofnana og annarra þjónustuveitenda og í því samhengi skiptir miklu máli skilgreiningin á *fyrsta, annars og þriðja stigs* heilbrigðisþjónustu. Það liggur í hlutarins eðli að því betur sem fyrsta stigs þjónustan er í stakk búin til að sinna sínum verkefnum því minna mæðir á þjónustustigunum fyrir ofan.

Kapp hefur verið lagt á að efla heilsugæsluna og það leikur enginn vafi á því að efling Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur komið Landspítala til góða og fækkað komum á bráðamóttökuna í Fossvogi þegar um auðleystari vanda er að ræða en krefst þeirrar sérhæfingar sem bráðmóttakan sinnir best.

Uppbygging geðheilsuteyma um allt land trúi ég að geri hvoru tveggja; að bæta mikilvæga þjónustu við notendur og draga úr eftirspurn eftir þriðja stigs þjónustu á þessu sviði inni á Landspítala. Ef við horfum á umfang þjónustunnar hjá geðheilsuteymum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. HH Austur, Vestur og Suður, þá hafa samskipti teymanna þriggja við notendur verið alls 33.700 þegar talin eru saman viðtöl, símtöl, vitjanir og hópmeðferðir frá upphafi verkefnisins til loka maí síðastliðins. Það munar um minna.

Geðheilsuteymin eru frábær viðbót við heilbrigðisþjónustu á landsvísu og eins er ég sannfærð um að uppbygging og skipulag þessara teyma geti orðið fyrirmynd að mikilvægri annars stigs þjónustu fyrir fleiri sjúklingahópa innan vébanda heilsugæslunnar. Þar nefni ég sérstaklega aldrað fólk og langveikt sem við vitum að er mjög stór hópur þeirra sjúklinga sem leita til Landspítala, oft ítrekað vegna heilsuvanda sem mætti leysa utan spítalans ef næg þjónusta og stuðningur væri fyrir hendi við sjúklingana og aðstandendur þeirra utan Landspítala.

Verkefni sem ég hef lagt sérstaka áherslu á síðustu misserin, eins og uppbygging hjúkrunarheimila, – efling heimahjúkrunar með aðkomu lækna, iðjubjálfa og fleiri heilbrigðisstétta, heilsueflandi móttökur, – aukin áhersla á forvarnir og heilsueflingu meðal aldraðra og gerð og framkvæmd sérstakrar áætlunar um þjónustu við fólk með heilabilun, með auknum stuðningi, meðal annars með verulegri fjölgun sérhæfðra dagdvalarrýma, – þessi verkefni eru einnig mikilvægur liður í því að efla *fyrsta og annars stigs heilbrigðisþjónustu* og draga þannig úr þörf fyrir sérhæfðustu þjónustuna, eins og Landspítali veitir.

Góðir gestir.

Nú er mál að tala um Landspítala – flaggskipið okkar sem þessi fundur snýst auðvitað um. Það sem ég hef þegar sagt minnir okkur á að engin heilbrigðisstofnun – engin veitandi heilbrigðisþjónustu – er eyland. Heilbrigðiskerfið okkar er ein heild og það sem einn gerir eða lætur ógert snertir alla hina.

Hlutverk Landspítala, verkefni hans og samspil spítalans við aðrar einingar heilbrigðiskerfisins hefur skýrst mikið síðustu misserin. Það er held ég öllum orðið ljóst að Landspítali er í senn í forystuhlutverki um leið og hann er öðrum stofnunum mikilvægur samstarfsaðili. Samráð heilbrigðisstofnana um allt land hefur stórauðist í samræmi við þetta og það hefur komið sér einkar vel í glímuni við COVID-19.

Áður en ég sökkvi mér í kófið get ég ekki látið hjá líða að nefna árvissa sveiflu í opinberri umræðu um viðfangsefni og áskoranir Landspítala sem var venju fremur þung á liðnu ári – og snerist eins og svo oft áður um bráðamóttökuna.

Við nálgumst þetta verkefni með nýjum hætti þegar settur var á fót átakshópur í því skyni að tryggja í eitt skipti fyrir öll lausn á því ástandi sem hefur svo lengi sett mark sitt á umræðu um spítalann og þjónustu við sjúklinga sem ílengjast á bráðamóttökunni. Landlæknir hafði lagt til slíka aðkomu ráðuneytisins og í þeim anda var átakshópurinn sameiginlegt verkefni ráðuneytisins og Landspítala. Út úr því komu tiltekin verkefni, hluti þeirra á ábyrgð heilbrigðisráðuneytisins að framkvæma og hluti þeirra á ábyrgð spítalans. Þessi nálgun

vandans skilaði árangri og sjúklingar lenda nú ekki í þeirri stöðu að bíða úr hófi á bráðamóttökunni eftir innlögn á deildir spítalans.

En þá að kófinu, heimsfaraldrinum illræmda sem skekið hefur heimsbyggðina og gerir enn og hefur leikið sumar þjóðir afar grátt. Það hefur vakið eftirtekt víða hve vel hefur tekist að glíma við faraldurinn hér á landi og hvernig í raun allar áætlanir og öll viðbrögð hafa gengið fullkomlega upp.

„Andstreymið afhjúpar snilldina sem velgengnin dylur“ er haft eftir heimspekingnum Hóratíusi og það finnst mér að mörgu leyti lýsandi fyrir öll viðbrögð heilbrigðiskerfisins og annarra aðila sem hlutverki hafa haft að gegna í faraldrinum hér á landi.

Ég held að landsmönnum sé nú orðið ljóst hvílíku afburðafólki heilbrigðiskerfið okkar hefur á að skipa. Faraldurinn fól í sér miklu stærri áskorun fyrir heilbrigðiskerfið en við höfum áður séð og verkefni sem enginn gat gert áætlun um fyrr en á reyndi. Öll viðbrögð einkenndust af fagmennsku, sveigjanleika og snerpu. Stjórnendur og annað starfsfólk áttu alltaf ráð undir rífi hverju þegar á reyndi, sama hvað verkefni voru óvænt og kölluðu á skjót og fordæmalaus viðbrögð – svo ég komi því mjög-notaða orði að í ræðu minni svona einu sinni.

COVID-faraldurinn hefur sýnt að innviðir spítalans, – hvort heldur við horfum á aðkomu farsóttanefndar og veigamikið hlutverk hennar á neyðartímum eða hlutverk einstakra deilda og starfsfólks þeirra, og hvernig þær tókust á við gjörbreytt verkefni – innviðirnir eru traustir og geta staðist mikla áraun.

COVID-göngudeildin sem Landspítali galdraði fram og fann stað í gamla leikskólanum Birkiborg á Landspítala Fossvogi var nánast eins og kraftaverk. Hugmyndin sjálf, hraðinn við að gera hana að veruleika, ótrúlega öflugt og gott skipulag á þjónustunni og dugnaður allra sem komu að framkvæmd hennar – það var magnað að sjá.

Það er sama hvar gripið er niður – í stóru og smáu hefur spítalinn og starfsfólk allra sviða og deilda sýnt að engin verkefni eru of stór eða of flókin til að leysa þau. Mitt í þessari hringiðu gerðust svo þau frábæru tíðindi að opnuð var á Landspítala langþráð afeitrunardeild fyrir ungmenni.

Það er alveg öruggt að ýmsar leiðir við veitingu þjónustu á tímum COVID og ýmsar lausnir sem urðu til verða nýttar áfram í sömu eða breyttri mynd. Innleiðing nýrra tæknilausna, ekki síst varðandi samskipti við sjúklinga, vega þar þungt. Landspítali hefur sýnt ótrúlegan sveigjanleika og getu til að umbylta starfsemi sinni og laga hana að stórunarlegum og ótrúlega krefjandi aðstæðum. Eftir situr gríðarleg reynsla og margvíslegur lærdómur sem án efa mun nýtast til frambúðar. Eitt af því sem ég sé fyrir mér er uppbygging fjölbættrar göngudeildarþjónustu í anda COVID-göngudeildarinnar.

Góðir fundarmenn.

Ekki skortir umfjöllunarefni þegar Landspítali er annars vegar en þó fer þessi ræða að taka enda

Enn bíða stór verkefni og margvíslegar áskoranir.

Við ætlum innan skamms að opna landið þótt það verði með takmörkunum og miklum varúðarráðstöfunum. Opnun er óhjákvæmileg en henni fylgir áhætta og hún felur í sér ýmis verkefni þar sem Landspítali hefur mikilvægu hlutverki að gegna.

Það sem veldur mér og örugglega öllum hér hvað mestum áhyggjum núna er staðan í kjaraviðræðum hjúkrunarfræðinga og ríkisins. Það er ekki á mínu valdi að leysa þá deilu en ég fullvissa ykkur um að ég mun gera hvað ég get til að leggja þar gott til mála.

Að lokum

Það er og hefur verið alveg magnað að fylgjast með Landspítala síðustu misserin. Hann hefur vaxið við hverja raun og sýnt svo ekki verður um villst að hann er sá burðarás í heilbrigðisþjónustu landsmanna sem við þurfum á að halda.

Ég vil að lokum þakka ykkur öllum, starfsfólk Landspítala, sem til mín heyrið. Takk fyrir ótrúlega þrautseigju og seiglu við erfiðar aðstæður. Við höfum nú séð betur og skýrar en nokkru sinni áður hve miklu skiptir að eiga öflugt og gott opinbert heilbrigðiskerfi. Því lít ég á það sem frumskyldu í velferðarsamfélagi að standa um það vörð í gegnum þykkt og þunnt, efla það og styrkja.

Þetta verða mín lokaorð.

Megi ykkur vel farnast í ykkar mikilvægu störfum.

Takk fyrir.